



Fossavatnsgangan



Aðalfundur

Aðalfundur Fossavatnsgöngunnar verður haldinn miðvikudaginn 23. Janúar n.k. kl 20:30 á Hótel Ísafirði. Allir áhugamenn um skíðaíþróttina eru velkomnir sem og félagsmenn Skíðafélags Ísfirðinga.

Dagskrá

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar, formaður
3. Ársreikningur og fjárhagsáætlun næsta árs
4. Lagabreytingar

Í fyrra voru kynntar nýjar samþykktir göngunnar sem lagabreytingarnefnd hafði gert. Í henni sitja Halldór Margeirsson, Jónas Gunnlaugsson og Þórdís Sif Sigurðardóttir

5. Kosningar

Núgildandi samþykktir

7. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð 5 félagsmönnum þ.e. formanni og 4 meðstjórnendum. Stjórnarmenn skulu kosnir til 4 ára í senn en formaður skal kosinn á hverjum aðalfundi.

Ef tillaga að breytingu skv. Laga og reglugerðarnefnd verður samþykkt

7. gr.

Stjórn skal kosin á aðalfundi til eins árs í senn. Í stjórn félagsins skulu eiga sæti 5 félagsmenn, formaður og 4 meðstjórnendur, auk þess skulu kosnir 2 varamenn stjórnar. Stjórn skiptir sjálf með sér verkum. Jafnframt skulu kosnir 2 skoðunarmenn.

6. Önnur mál.

Fyrir hönd stjórnar Fossavatnsgöngunnar

Lillehammer 10 janúar 2019

Daníel Jakobsson, formaður